

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld kr. 1 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjald kr. 2 100.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

26. apríl 1979.

Nr. 182.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390, 6. nóvember 1976,
með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 5 915.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitapörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði.

- | | |
|---|--------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 1 000.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" | — 2 000.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 4 000.00 |

7. gr. orðist þannig:

Heimædagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | |
|-------------------------------------|--|
| Allt að 400 m ³ | kr. 410 810 |
| 400—2000 m ³ | — 410 810 + 329 kr.pr.m ³ þar yfir |
| 2000—6000 m ³ | — 936 842 + 280 kr.pr.m ³ þar yfir |
| 6000—10000 m ³ | — 2 055 362 + 246 kr.pr.m ³ þar yfir |
| Meira en 10000 m ³ | — 3 038 162 + 214 kr.pr.m ³ þar yfir. |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 49 441.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. Síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 500.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 4 600.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 5 500.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 1 200.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 2 300.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.